

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. apríl 2014
Tilvísun: UST20140400165/bs

Breyting á Fossárvirkjun - umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 9. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Hér er um að ræða breytingu á endurnýjun Fossárvirkjunar sem Skipulagsstofnun úrskurðaði þann 30.1. 2013 að væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Sú breyting sem hér um ræðir felst í því að fyrirhugað stöðvarhús verður reist nær núverandi stöðvarhúsi en ráðgert var í fyrri áætlun um endurbyggingu virkjunarinnar. Aðrir þættir framkvæmdarinnar verða að mestu óbreyttir frá fyrri tilkynningu.

Í greinargerð er fjallað ítarlega um jarðvinnu við lagningu þrýstivatnspípu og slóðagerð. Gert er ráð fyrir að halda svarðlagi til haga og nýta við frágang á lagnaleið.

Umhverfisstofnun telur að ef staðið verði að framkvæmdinni á þann hátt sem lýst er í greinargerð mun framkvæmdin ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur